

Baldur Jónsson

# Lítill snæfölvur<sup>1</sup>

## I Inngangur

Nýyrðið *tölva*, sem var myndað 1965, hefir orðið til þess að beina nokkurri athygli að *wōn*-stofnum á síðustu árum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 1982, Kjartan G. Ottósson 1983 og Baldur Jónsson 1994). Þeir eru, sem kunnugt er, afar fáliðaður undirflokkur *ōn*-stofna, raunar svo mjög að varla hefir þótt taka því að kalla þá flokk. Í þeim ritgerðum sem hér var vitnað til og í helstu handbókum hafa ekki verið nefnd önnur orð meðal *wōn*-stofna en *slöngva* og *völvu* og nafnið *Röskva* úr upphaflegum orðaforða málsins, miðaldatökuorðið *frúva* (*fróva*), sem hélt ekki *wōn*-beygingu nema skamma hríð, og loks nýja orðið *tölva*. Þetta er allt og sumt.

Auk þessa eru í handbókum og víðar nefnd fáein orð, sem talin eru *wōn*-stofnar að uppruna, en höfðu glatað sérkennum þeirra þegar við upphaf íslenskrar málsögu og haga sér sem venjulegir *ōn*-stofnar í íslensku. Kjartan (1983:178) nefnir þrjú þeirra: *gata* < \**gatwōn*, sbr. gotn. *gatwō* og so. *götva*; *svala* < \**swalwōn*, sbr. þ. *Schwalbe*, e. *swallow*, og *ótta* < \**ūhtwōn* < \**unhtwōn*, sbr. gotn. *ūhtwō*. Enn mætti bæta við orðunum *ffjara* < \**ferwōn*, sbr. lappneska orðið *ffjervva* sem talið er tökuorð frá frumnorrænum tíma, og *tjara* < \**terwōn*, sbr. finnska tökuorðið *terva*. Sumir nefna enn fremur fleirtöluorðið *börur*, sbr. fe. *bearwe* '(fjós)börur', e. *barrow*, orðið *mísa* (*mýsa*) < \**mihswōn* og jafnvel *trúa* < \**trūwōn*, sbr. fph. og fe. *trūwa*. Um þessi orð sjá t.d. ÁBIM 1989 og Torp 1909.

Eins og áður hefir verið rakið (sjá t.d. Baldur Jónsson 1994) hefir nýja orðið *tölva* átt svolítið bágð með að standa sig sem *wōn*-stofn vegna einstæðingsskapar, en þessi litli beygingarflokkur, ef flokk skyldi kalla, hefir þó styrkst við tilkomu þessa tíðnotaða orðs. Eflaust er einnig stóð í því að nafnið *Röskva* lifnaði við í nýju hlutverki þegar það varð heiti á stúdentasamtökum 1988.

Aðalerindið með þessu skrifti er að vekja athygli á einu orði enn úr flokki *wōn*-stofna, orðinu *fölva*, en um leið verður hugað að skyldum orðum, einkum nafnorðunum *föl* og

---

<sup>1</sup>Ég þakka Gunnlaugi Ingólfssyni fyrir góðar ábendingar og leiðbeiningar við nýtingu gagna í vörslu Orðabókar Háskólans.

*fölvi*. Sérstaklega verður svo litið til þeirra samsetninga þar sem eitthvert þessara orða er viðliður, einkum með forliðinn *snjá-*, *snjó-* eða *snæ-*.

Öll þessi orð, og raunar fleiri, eru leidd af stofni lýsingarorðsins *fölur* < *fqlr*, sbr. gamlar beygingarmyndir með *v*-i, svo sem *fölvan*, *fölvir* o.fl., sem eitthvað tíðkast raunar enn.

## II Um nafnorðið *fölva*

Svo er að sjá sem orðið *fölva* hafi farið fram hjá öllum höfundum handbóka og öðrum sem um *wön*-stofna hafa fjallað sérstaklega, enda hefir það ekki fundist sem sjálfstætt orð, aðeins sem viðliður í tveimur samsetningum, *snæfölva* og *dauðafölva*, og þær eru báðar stakorð, annað gamalt, hitt ungt. Að þessu leyti hefir orðið dulist mönnum og er þó haft sem flettiorð í sumum forn málsorðabókum með tilvísun til orðsins *snæfölva* (Fritzner; Heggstad). Á hinn bóginn má segja að það hafi legið á glámbekk síðan á 13. öld því að það er að finna í *Laxdæla sögu* sem allir fræðimenn hafa einhvern tímann lesið.

Í 46. kapítula *Laxdælu* er sagt frá því er Ósvífur Helgason og hans fólk sótti haustboð Ólafs páa í Hjarðarholti. Þegar gestir voru farnir aftur til síns heima kom í ljós að horfið var sverð Kjartans Ólafssonar, konungsnautur. Hjarðhyllingar fóru að leita þess og fundu í feni nokkru, sem síðan heitir Sverðskelda. Það létti mönnum leitina að unnt var að rekja slóð Þórólfs Ósvífurssonar. Svo segir í sögunni (Íslensk fornrit 5, 141):

Þá nótt áðr hafði fallit lítil snæfólva, svá at sporrækt var.

Þessi litla snæfólva dugði til þess að Kjartan endurheimti sverð sitt. Sú endurheimt kom að vísu fyrir lítið því að konungsnaut bar Kjartan ekki þegar mest lá við; en það er önnur saga.

Sem fyrr segir er þetta dæmi úr *Laxdælu* hið eina sem kunnugt er um notkun nafnorðsins *snæfólva* ‘snjófól’. Annað er ekki að hafa í prentuðum forn málsorðabókum (sbr. Fritzner, Cleasby-Vigfússon) og ekki heldur í söfnum orðabókar Árnanevndar í Kaupmannahöfn.<sup>2</sup> Orðabók Háskólans hefir engin dæmi um nafnorðið *snæfólva*, og það er ekki heldur að finna í prentuðum orðabókum um mál síðari alda. Undantekning er orðabók Blöndals, en þar er hvorki getið notkunardæmis né heimildar. Líklegast er að orðið sé þangað komið úr orðabók Eiríks Jónssonar (sbr. formála Orðabókar Blöndals, bls. VII), en orðaforðinn þar er að stofni til sá sami og í orðabók Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar svo að þetta er að öllum líkindum ekki annað en *Laxdæludæmið*.

Orðið *dauðafölva* mun aldrei hafa komist í prentaða orðabók og er einungis þekkt af einu dæmi eftir tilvísun í ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Það er úr *Fjallkonunni* 1900, nánara tiltekið úr hinni frægu framhaldssögu um Dracula, „Makt myrkranna“, eftir Bram Stoker. Þar segir (51. tbl., bls. 3): „og þó hann væri fölur, sýndist mér það ekki

<sup>2</sup> *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Ég þakka Þorbjörgu Helgadóttur cand. mag. fyrir að hyggja að þessu orði fyrir mig í söfnum orðabókarinnar í Kaupmannahöfn.

dauðafölvu, heldur venjulegur yfirbragðslitur hans“. Þýðandi sögunnar var ritstjórinn sjálfur, Valdimar Ásmundsson, en hann gat hæglega haft orðið *fölvu* úr *Laxdælu* því að þá sögu þekkti hann mjög vel; hann hafði búið hana til prentunar fyrir Sigurð Kristjánsson 1895, aðeins fimm árum áður.

Vitneskjan um nafnorðið *fölvu* breytir varla miklu um stöðu *wōn*-stofna fyrir eða síðar, en þó er styrkur að því. Það er jafngott og það var á miðöldum og engin ástæða til að forðast notkun þess nú á dögum. Nýyrðið *tölvu* á sér þá tvö rímorð meðal *wōn*-stofna þegar allt kemur til alls, *fölvu* og *völvu*, og geta öll haft stoð hvert af öðru.

### III Um orðið *föl*

Hyggjum næst að nafnorðinu *föl*. Það er *wa*-stofn og beygðist framan af samkvæmt því, í þg. *fölvi*. Það er algengt að fornu og nýju, einnig í samsetningunni *snjóföl*. Í nútímamáli gæti þess nokkuð að *föl* sé notað sem kvenkynsorð, og hefir sú notkun verið talin staðbundin án nánari skýringa.

Fyrir 1900 eru aðeins tvö dæmi tiltæk um *föl* í kvenkyni, bæði í samsetningunni *snjóföl*. Þau eru frá þeim feðgum, Jóni og Skúla Thoroddsen. Eldra dæmið er úr skáldsögu Jóns, *Manni og konu* (bls. 30): „Lækurinn var að sjá lagður og nokkur snjóföl á ofan“. Hitt er úr blaði Skúla, *Þjóðviljanum*, 6. maí 1891. Þar segir í baksíðufrétt: „Undanfarna daga hefir verið kalsa norðan veðrátta með nokkurri snjóföl“.

Jón Thoroddsen (1818–1868) var fæddur á Reykhólum og ólst þar upp, var síðan allvíða. Hann stundaði nám í Bessastaðaskóla, var einn vetur kennari á Hrafnagili í Eyjafirði, síðar við nám og herþjónustu í Danmörku. Hann bjó um tíma í Flatey á Breiðafirði, síðan í Haga á Barðaströnd 1855–1862, þar sem hann hóf að semja *Mann og konu*, og loks á Leirá í Borgarfirði með stuttri viðkomu á Hvítárvöllum (Steingrímur J. Þorsteinsson 1943:37 og 41; sami 1968:6). Skáldsagan *Maður og kona* kom ekki út fyrir en 1876, að höfundi látnum. Eiginhandarrit Jóns er að mestu glatað, en sagan er að meginhluta til með hendi Þórðar Grímssonar, skrifara hans, sem var Borgfirðingur (Steingrímur J. Þorsteinsson 1943:107–109).

Skúli Thoroddsen (1859–1916) gaf út blað sitt, *Þjóðviljann*, á Ísafirði, og hefir líklega sjálfur skrifað veðurfréttina, sem er dagsett: „Ísafirði, 6. maí ‘91“.

Bæði þessi dæmi eru fengin úr ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Þar eru að auki tvö dæmi um kvenkynsorðið *föl* (sjálfstætt), en þau eru bæði frá 20. öld, annað frá Guðmundi Kamban (1888–1945), sem fæddist á Álftanesi en ólst upp við Arnarfjörð, hitt úr smásögu frá 1985 eftir borgarskáldið Matthías Johannessen (f. 1930).

Öll þessi dæmi benda til vesturhluta landsins.

Orðabók Blöndals birtir *föl* aðeins sem hvorugkynsorð, en þegar orðabókarseðillinn er skoðaður kemur í ljós, að orðið hefir fyrst verið talið kvenkyns, merkt „f.“, en síðan strikað yfir það og skrifað „n.“ í staðinn. Sýnt er eitt notkunardæmi um þetta hvorugkynsorð, og er það athyglisvert vegna þess að það er tekið úr riti eftir Þorvald Thoroddsen sem var sonur Jóns og bróðir Skúla: „fallið var föl á sléttlendi, en eigi hafði fest snjó í fjallinu sjálfu“ (*Landfræðissaga Íslands* IV, 60). En þess ber að gæta að þarna er Þorvaldur að segja frá ferð tveggja Bárðdælinga og styðst við ritaða frásögn þeirra frá

1847. Á þessum stað er nokkurn veginn orðrétt tekið upp úr handritinu, þar sem svo er að orði komist: „fallið var fól á sléttlendið, enn ei hafði fest snjó í fjallinu sjálfu“ (*Lbs. 656, 4to*). Dæmið segir því lítið um málvenju Þorvalds.<sup>3</sup>

Í orðabók Blöndals er einnig að finna hvorugkynsorðið *snæfól* sem ekki er vitað um annars staðar. Hvorki er getið heimildar né notkunar og ekki heldur á orðabókarseðlinum. Athygli vekur að sá sem skrifaði hann hefir talið þetta orð vera kvenkyns og auðkennt það með „f.“, og síðan hefir einhver annar strikað yfir það og ritað „n.“ í staðinn. Þetta er eins og við orðið *fól*. Eftir þessu að dæma hefir einhver af starfsmönnum orðabókarinnar (um 1910–20) talið *fól* og *snæfól* vera kvenkyns. Hitt er svo annað mál að það er ráðgáta hvaðan orðmyndin *snæfól* er komin í orðabók Blöndals. Hún er í sjálfu sér fyllilega eðlilegt orð, ekki síður en *snjófól* og *snjáfól* (sem kunnugt er af einu dæmi frá 17. öld), en undarlegt er að hennar verður hvergi annars staðar vart. Því fer að vakna grunur um að *snæfól*, sem fyrst er kallað kvenkyns á seðlinum, sé e.k. endurómur af gamla orðinu *snæfólva*. En vitanlega er það ágiskun ein.

Því er enn við þetta að bæta að í ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru 12 samsetningar sem enda á *-fól*: *drifufól*, *fannarfól*, *fannfól*, *frostfól*, *lognfól*, *næturfól*, *skóvarpafól*, *skóvarpsfól*, *snjáfól*, *snjófól*, *sólarfól* og *útmánaðafól*. Um hvert þessara orða er aðeins eitt dæmi, nema um *snjófól*. Þar eru dæmin 21. Vert er að athuga öll orðin með hliðsjón af kyngreiningu. Ef lítið er fyrst á þau 11 sem koma aðeins einu sinni fyrir, reynast þau öll vera frá 19. og 20. öld nema *snjáfól* sem er langelst. Það er úr *Vallaannál* um árið 1684, og verður aldurs og heimkynna vegna að teljast hvorugkynsorð þótt dæmið skeri ekki úr.

Einungis þrjú orð af 11 eru sýnilega hvorugkyns, *frostfól*, *lognfól* og *sólarfól*. Sérstaka athygli vekur orðið *sólarfól*. Það er úr ljóðabók eftir Matthías Johannessen (*Fagur er dalur* (1966), bls. 105): „Við sjáum ekkert sólarfól til heiða / né söngvapröst“. En tæpum 20 árum síðar notar Matthías orðið *fól* í kvenkyni eins og áðan var minnst á. Það er í smásögunni „Konungur af Aragon“, sem birtist í *Andvara* 1985 (bls. 124): „Jörð var marauð en breyttist skyndilega og það mátti sjá sporin í hjarnhvíttri fölinni“.

Af öðrum dæmum verður ekki ráðið hvert kynið er. Á orðabókarseðlunum eru sex orðanna talin hvorugkyns, og er það ekki grunsamlegt, en tvö eru sögð kvenkyns, *næturfól* og *útmánaðafól*, og það þarf nánari athugunar við.

Dæmið um *næturfól* er fengið úr smásögunni *Dyr í vegginn* (1958) eftir Guðmund Böðvarsson (1904–1974), bls. 67: „en í baksýn var fjaran og Höfðinn, næturfól að þiðna í hlíðum, blár himinn og víkin græn“. Guðmundur var Vestlendingur sem kunnugt er og bjó á Kirkjubóli í Hvítársíðu. Sonur skáldsins, Böðvar Guðmundsson, rithöfundur og íslenskufraeðingur, var spurður um kynferði þessa orðs (í maí 2000) og svaraði því til að *fól* hefði ávallt verið hvorugkyns í Hvítársíðu, þar sem hann þekkti til, og það kom honum á óvart að það gæti verið kvenkyns.

Kyngreining orðsins *útmánaðafól* er einnig grunsamleg því að *skóvarpafól* var talið hvorugkyns, en bæði orðin eru úr sögum eftir Ólaf Jóh. Sigurðsson (1918–1988). Ólafur var fæddur á Álftanesi (eins og Guðmundur Kamban), en ólst upp í Grafningi,

<sup>3</sup>Frumrit frásagnarinnar er glatað, en það skiptir ekki máli. Uppskriftin í *Lbs. 656, 4to* er eftir Sigfús Skúilason (Schulesen) (1801–1862) sem var sýslumaður í báðum Þingeyjarsýslum 1851–1861. Hann var fæddur og upp alinn í Þingeyjarsýslu.

austfirskur í föðurætt. Hann kom til Reykjavíkur aðeins 15 ára og átta lengst af heima þar. Orðið *útmánaðaföl* er úr smásögu Ólafs, „Listin að komast áfram í heiminum“, sem birtist í bók hans, *Teningar í tafl* (1945), en *skóvarpaföl* er úr skáldsögunni *Fjallinu og drauminum* (1944). Orðin eru því frá sama tíma. Þótt ekki verði ráðið af notkun þessara stöku dæma hvers kyns höfundur hafði orðið *föl* má sjá annars staðar að það hefir verið hvorugkyns í máli hans. Það sést á dæmi um orðið *snjóföl* sem tekið er úr bók hans *Leynt og ljóst* (1965), bls. 183: „Tungsljósið lék um hvíta skýjafalda og tandurhreint snjóföl á þökum“.

Engin af þessum 11 samsetningum getur því með vissu talist kvenkynsorð.

Dæmin um *snjóföl* í ritmálssafninu eru alls 21, þau elstu frá síðari hluta 18. aldar. Af þeim eru 12 greinilega hvorugkyns, tvö ótvírætt kvenkyns, og í 7 dæmum sker formið ekki úr. Kvenkynsdæmin tvö eru hin sömu og áður voru höfð eftir þeim feðgum, Jóni og Skúla Thoroddsen.

Helstu orðabækur íslenskar sem eldri eru en *Maður og kona* eru báðar vestfirskar og báðar frá 18. öld, þ.e. orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, að mestu tekin saman á árunum 1736–72 (Katalog I, 321), og orðabók sr. Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal (*Lexicon islandico-latino-danicum*). Sú bók kom fyrst út 1814, en séra Björn mun einkum hafa unnið að henni á árunum 1770–1785, og hann ól aldur sinn mestallan á Vestfjörðum (Jón Aðalsteinn Jónsson 1992:ix–xiii). Í orðabók Grunnavíkur-Jóns eru bæði *föl* og *snjóföl* talin hvorugkynsorð eingöngu (skv. uppskrift Jakobs Benediktssonar í vörslu Orðabókar Háskólans), og í orðabók sr. Björns er *föl* eingöngu hvorugkyns.<sup>4</sup>

Fyrir miðja 19. öld er sem sé engin heimild tiltæk um *föl* eða *snjóföl* í kvenkyni.

Útbreiðsla kvenkynsorðsins hefir verið könnuð nokkuð með fyrirsprunum, einnig í samsetningunni *snjóföl*, og ljóst er að heimkynni þess eru helst vestanlands. Um það hefi ég aðeins fáeinar munnlegar heimildir, en starfsmenn Orðabókar Háskólans hafa spurst fyrir um þetta atriði í útvarpsþáttum og fengið svör af öllu landinu sem geymd eru í talmálssafni Orðabókarinnar. Svörin skipta tugum og eru flest frá árunum 1970–1975 og síðan frá 1994–95. Langflestir þekktu *föl* einungis sem hvorugkynsorð, en aðeins tveir eða þrír sem kvenkynsorð þegar spurt var í fyrra skiptið, og þær heimildir voru vestfirskar. Eini heimildarmaðurinn sem þekkti eingöngu kvenkynsorðið var úr Súgandafirði. Kvenkynið var þó fjarri því að vera allsráðandi vestanlands. Nokkrir þeirra sem töldu sig ekki þekkja annað en hvorugkynsorðið *föl* voru af Vesturlandi: af Mýrum, úr Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Reykhólasveit og frá Patreksfirði, og einn heimildarmaður kallaði sig Breiðfirðing. Heimildarmaður úr Kollafirði (í Strandasýslu) segir 8. mars 1981: „Við tölum bæði um snjófölinu og snjófölið, frekar þó snjófölið“.

Enn spurðist Guðrún Kvaran fyrir um kynferði orðsins *föl* í útvarpsþáttum veturinn 1994–95 og fékk liðlega 30 svör úr flestum sýslum landsins, bæði munnleg og skrifleg.<sup>5</sup> Flestir svöruðu nokkuð afdráttarlaust að þeir hefðu *föl* í hvorugkyni, en fimm að þeir hefðu það í kvenkyni. Þrír þeirra voru úr Reykjavík og einn af Suðurnesjum. Sá maður taldi að þar væri nú algengast að hafa *föl* kvenkyns, en hvorugkynsmyndin þekktist helst hjá fullorönu, aðfluttu fólki, ef hún væri til á annað borð.

<sup>4</sup>Hér er stuðst við útgáfu Jóns Aðalsteins Jónssonar 1992.

<sup>5</sup>Ég þakka Guðrúnu fyrir að benda mér á þetta og veita mér aðgang að öllum svörum sem henni bárust.

Slíkar umsagnir þarf auðvitað að umgangast með allri gát. Mér er minnstætt lítið atvik frá heimili foreldra minna á Akureyri þegar ég var að alast upp. Þar var um tíma tíður gestur og heimilisvinur maður úr Hvallátrum á Breiðafirði. Hann var barnakennari á Akureyri (og í Glerárporpi) 1947–60, skáldmæltur og vel máli farinn. Það hefir líklega verið einhvern tímann á árunum 1948–1951, þegar ég var nær tvítugu, að hann talaði um fölina eða snjófölina, og vakti það athygli og umræðu því að þá beygingu hafði heimilisfólkið aldrei heyrt. En gesturinn stóð fast á því að *föl* væri kvenkyns.

Nú um hálfri öld síðar, þegar þessi grein var í smíðum á vordögum 2000, kom til mín góðkunningi minn, breiðfirskur að ætt og uppruna og náfrændi fyrrnefnds kennara, greindur maður og gegn. Ég notaði tækifærið og spurði hann fyrirvaralaust í hvaða kyni *föl* eða *snjóföl* hefði verið notað þar vestra. Hann var á báðum áttum í fyrstu og endurtók orðmyndirnar fyrir sér til skiptis, en svaraði loks ákveðið að það væri kvenkyns.

Fáeinum vikum síðar fékk ég fyrrnefnd gögn frá Guðrúnu Kvaran sem ég vissi ekki um áður. Eitt af svörum sem henni bárust veturinn 1994–95 reyndist vera frá bróður þessa kunningja míns, breiðfirskum bónda, fræðimanni og rithöfund. Hann segir í bréfi til Guðrúnar, dags. 31. desember 1994, að *föl* sé hvorugkyns, „það fölið, (snjóföl) beygist eins og öl, algengt í mæltu máli hér um slóðir en engin dæmi veit ég um það sem kvenkynsorð þar“.

Þetta sýnir ef til vill betur en annað að svör við beinum fyrirspurnum geta verið varasamar heimildir, þegar jafnvel hinum skilríkustu mönnum úr sömu fjölskyldu ber ekki saman. En hér er þess að gæta að sá bróðirinn sem var á báðum áttum, fór ungur að heiman og hefir nú í áratugi verið búsettur í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu þar sem kvenkynsorðið virðist þrífast einna best, en hinn hefir búið í Breiðafjarðareyjum alla sína ævi.

Ef lítið er í heild yfir tiltæk gögn, sem vitaskuld eru gloppótt, má ætla að kvenkynsorðið *föl* sé nú einna helst notað á suðvesturhorni landsins, en stingi sér niður um allt vestanvert landið og sums staðar norðanlands, í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði. Kennari á Ólafsfirði hafði þá sögu að segja 1968, að margir nemendur sínir hefðu talið *föl* vera kvenkyns og það hefði komið sér mjög á óvart og menntaskólakennari á Akureyri hafði orðið var við hið sama hjá nemendum sínum.

Vitnisburður orðabóka og annarra heimilda er allur á þá lund að ekki leikur vafi á því að *föl* hefir upphaflega verið hvorugkynsorð. Það er að vísu sagt vera kvenkyns í orðabók Fritznars (1. bindi 1886), en það er prentvilla, sem leiðrétt er í viðbótarbindinu (4. bindi) frá 1972 (sbr. Málregnr 9 (5,1 1991), bls. 29).<sup>6</sup> Engin prentuð orðabók telur *föl* geta verið annað en hvorugkynsorð fyrr en orðabók Menningarsjóðs kom út öðru sinni 1983. Þá er kvenkynsorðið talið staðbundið, og svo er einnig í orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar 1989. Það bendir líka á ungan aldur og takmarkaða notkun kvenkynsorðsins að ekki eru tiltækar heimildir um notkun þess í eignarfalli, og nokkur óvissa virðist ríkja um það fall samkvæmt svörum þess fólks sem ég hefi spurt. Hins vegar er næg vitneskja um eignarfall af hvorugkynsorðinu *föl*.

Þó að e.t.v. megi kenna ókunnugleika eða mistökum um að kvenkynsorðið *föl* hefir

<sup>6</sup>Alf Torp hefir ekki varað sig á þessu í ritgerð sinni, „Gamalnorsk ordavleiding“ (1909), þar sem hann flokkar *föl* með *ö*-stofnum. Sjá Torp 1974:17.

komist í notkun má einnig hugsa sér það sem nýyrði, jafnvel kynbreytt vísitandi. En þá færi best á því að orðinu væri ætluð önnur merking í kvenkyni en hvorugkyni. Reyndar virðist örla á því samkvæmt einu svarinu sem Guðrún Kvaran fékk um árið. Bóndi í Fnjóskadal skrifar 29. desember 1994 að *snjófölvu* sé hvorugkyns en „fölin“ (í kvenkyni) hafi verið ljós skán sem settist ofan á í súrtunnum og saltkjötstunnum. Það mætti hugsa sér að í þessu einstaka dæmi hefði *fölvu* í hugum manna verið sama og *fölleit skán* sem er kvenkyns.

Austfirðingurinn Björn Bjarnason frá Viðfirði (1873–1918) virðist ekki hafa tekið eftir því að *fölvu* væri notað í kvenkyni því að hann nefnir það í upptalningu á hugsanlegum nýjum nafnorðum sem mætti mynda af lýsingarorðum, í ritgerð sinni „Nýyrði“ (*Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 1918, bls. 54). Þannig staðfestir Björn um leið að hver sem er hefði getað „myndað“ þetta kvenkynsorð hvenær sem var. Þeir sem eru að læra málið geta ekki ráðið það af nefnifallinu einu hvers kyns það er (sbr. umsagnir norðlensku kennaranna). Ef enginn er til leiðréttingar getur kvenkynsmyndin komist á kreik og síðan lærir hver af öðrum. Slík breyting kemst fremur á í þéttbýli en dreifbýli.

Eftir sem áður er hugsanlegt að *fölvu* hafi sprottið upp sem kvenkynsorð við norðanverðan Breiðafjörð um miðja 19. öld og breiðst út síðan, einkum eftir 1900, en uppspretturarnar gætu líka verið fleiri en ein og misaldra. Um upptökin verður ekki fullyrt, enda alltaf nokkurri tilviljun háð hvaða orð varðveitast og hvað orðtökumenn hirða úr rituðum heimildum.

## IV Um sagnorðið *fölvu* og lýsingarorðið *fölvuður*

Þó að nafnorðið *fölvu* hafi ekki fundist nema sem viðliður í samsetningum er sagnorðið *fölvu* allvel þekkt úr máli síðustu alda, ýmist í merkingunni ‘snjóá lítið eitt’, ‘hylja snjófölvu’ eða ‘gera fölvu’. Það er í orðabókum Björns Halldórssonar (1814), Eiríks Jónssonar (1863) og orðabók Blöndals (1920–24), og Orðabók Háskólans hefir yfir 20 dæmi um sögnina *fölvu* allt frá 18. öld. Einnig eru dæmi frá 19. öld um þessa sögn í samsetningunni *litfölvu*.

Nokkrar heimildir eru um lýsingarorðið *fölvuður* frá 19. og 20. öld. Um samsetninguna *snjófölvuður* eru tvö ung dæmi í ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Annað þeirra er úr blaðinu *Íslendingi* sem var gefið út í Reykjavík. Unglingur gekk „yfir pytt, sem lá niður í harðvelli, og sem hemað var og snjófölvuð yfir“ svo að hann datt ofan í og druknaði. Þetta er úr aðsendum fréttum vestan úr Dalasýslu, dags. 1. des. 1862, en birtist í blaðinu 8. janúar 1863, 3. árg., bls. 128. Hitt dæmið er úr riti eftir Þorstein Björnsson í Bæ (í Borgarfirði), *Bautasteinum* (1925). Bæði dæmin eru sem sé af Vesturlandi.

## V Um orðið *fölvu*

Orðabók Blöndals þekkir líka karlkynsorðið *snjófölvu* (sömu merkingar og *snjófölvu* og *snæfölvu*). Heimildin sést ekki á orðabókarseðlinum, en líklegast er að það sé fengið

úr *Supplementum* Jóns Þorkelssonar. Þar er eitt dæmi um þetta orð, tekið úr *Pilti og stúlku* eftir Jón Thoroddsen. Þar stendur í frumútgáfunni 1850 (bls. 113): „*dálitill* [svo] *snjófölvi var yfir jörðunni*“ (sbr. útg. 1951, bls. 101). Orðabók Háskólans hefir einungis þetta sama dæmi og annað til sem er 100 árum yngra („hið mikla og velræktaða tún fólst undir snjófólva“). Það er úr frásögn eftir Þórleif Bjarnason, „Með Djúpátnum“, sem birtist í *Árbók Ferðafélags Íslands* 1949, bls. 210. Það dæmi er sem sé einnig vestfirskt.

Heimildir um karlkynsorðið *fölvi* sem sjálfstætt orð eru miklu fleiri, en þó að þær séu ekki ýkja gamlar, og flest dæmi yngri en *snjófölvi* Jóns Thoroddsens, er ljóst að orðið er ekki nýspröttið um miðja 19. öld. Fyrst verður vart við það í samsetningunni *fölvalaus*, sem kemur fyrir í guðsorðapýðingu eftir sr. Guðmund Högnason í Vestmannaeyjum 1777 (*Christens Mans rettur og ootaaldrægur Himins Vegur ...* eftir Friedrich Werner). En elsta dæmið um að *fölvi* sé notað sjálfstætt er úr gamanvísu sem Bólu-Hjálmar orti til séra Sölva Þorkelssonar (1775–1850) (sbr. Eysteinn Sigurðsson 1987:174). Sölvi var prestur í Hofstaðaðingum 1807–1850 og bjó lengstum á Hjaltastöðum í Akrahreppi (Páll Eggert Ólason 1951:390). Vísan heitir *Fyrirbón* og hljóðar svo (*Ritsafn* II (1949), bls. 275):

Yfir hvölfist enginn fölvi  
aldinn sóma þinn.  
Á þér mölvi, síra Sölvi,  
satan verkfærin.

Orðalagið („aldinn sóma þinn“) bendir til þess að séra Sölvi hafi verið farinn að reiskjast þegar vísan var ort. Hún er því varla miklu eldri en *Piltur og stúlka*.

Orðið *fölvi* er til sem viðliður í allmörgum samsetningum. Elst þeirra er *náfölvi*, úr riti frá því laust eftir 1820. Önnur dæmi eru yngri en 1850 og flest miklu yngri. Þau sem helst vekja athygli eru *feigðarfölvi*, *dauðfölvi* og *dauðafölvi*, af því að þau minna á *dauðafölvu* Valdimars Ásmundssonar úr *Fjallkonunni* 1900 og birtast flest um svipað leyti.

Orðabók Háskólans hefir fjögur dæmi um orðið *feigðarfölvi*, hið elsta úr kvæði eftir Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882–1906), líklega ort 1903.<sup>7</sup> Um orðið *dauðfölvi* eru tvö dæmi, bæði úr kvæðum Guðmundar skólaskálds Guðmundssonar (1874–1918), hið eldra úr *Strengleikum*, sem komu út 1903, og orðið *dauðafölvi* er aðeins kunnugt af einu dæmi úr ritum Kristínar Sigfúsdóttur (1876–1953).

Valdimar Ásmundsson og Guðmundur skólaskáld voru gagnkunnugir og miklir vinir. Sama árið og Valdimar birti orðið *dauðafölva* í þýðingunni á „Makt myrkranna“ hófu þeir félagar að birta *Alþingisrímur* sínar, einnig í *Fjallkonunni*. Um þær höfðu þeir svo nána samvinnu að frægt hefir orðið (sbr. Jónas Jónsson 1951). Því er mjög sennilegt að orð hafi smitast á milli þeirra, beint eða óbeint.

<sup>7</sup> Kvæðið er erfikvæði, „Vinarminning“ um Friðrik Sigurðsson frá Reistará, skólafélaga skáldsins. Friðrik dó 22. júlí 1903.



## VI Lokaorð

Þegar litið er yfir dæmin í heild kemur í ljós að samsettu orðin *snæfólva*, *snjófól* (kv.), *snjófólvi* og *snjófólvaður* koma öll af vestanverðu landinu, samkvæmt tiltækum heimildum. Eitt þeirra er einstæðingur frá miðöldum og ekki nema tvö dæmi um hvert hinna. Ekkert þeirra er eldra en frá því um miðja 19. öld. Heimildir um kvenkynsorðið *fól* eru einnig nokkuð bundnar við landið vestanvert. Fyrir 1900 eru engin tiltæk dæmi um það nema þau tvö sem fyrr voru nefnd í samsetningunni *snjófól*.

Öðru máli gegnir um hvorugkynsorðin *fól* og *snjófól*. Þau eru vel þekkt, bæði að fornu og nýju, og geta ekki kallast staðbundin.

Eflaust hefir Jón Thoroddsen þekkt karlkynsorðið *fólvi*, en vel má vera að hann hafi búið sér til samsetninguna *snjófólvi* þegar hann samdi *Pilt og stúlku* (1848–1849). Nokkrum árum síðar notar hann kvenkynsorðið *snjófól*, fyrstur manna svo að vitað sé, í *Manni og konu*. Það þarf ekki annað til en að „litla snæfólvan“ í *Laxdælu* hafi setið í Jóni Thoroddsen með nokkrum hætti, orðið að „dálitlum snjófólva“ í penna hans og síðan haft áhrif á kynferði orðsins *snjófól*. Það er a.m.k. athyglisvert að öll þessi fágætu orð koma af sömu slóðum við Breiðafjörð, en þaðan hlýtur *Laxdæla* líka að vera ættuð. Svo mikið er víst að *Laxdæla saga* var til á heimili Jóns Thoroddsens og íslenskar fornsögur mikið lesnar þar á bæ (Steingrímur J. Þorsteinsson 1943:78 og 71).

Hvað sem þessu líður er það varla tilviljun að Bárðdælingurinn Valdimar Ásmundsson, eini maðurinn sem vitað er til að hafi notað orðið *fólva*, fyrir utan höfund *Laxdælu*, var nýstaðinn upp frá því verki að gefa söguna út þegar hann setti orðið *daudafólva* á prent. Það fer varla hjá því að þarna sé samband á milli, og varla er það þá tilviljun heldur að hin sviplíku samheiti *daudfólvi* og *daudafólvi*, og jafnvel *feigðarfólvi*, koma fyrst til sögunnar svo að séð verði, á næstu árum þar á eftir. Orð kveikist af orði, eins og funi af funa.

## Helstu heimildarrit

- Alexander Jóhannesson. 1923–24. *Íslensk tunga í fornöld*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- ÁBIM: Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1994. Um orðið tölva. *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Fyrri hluti. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Bls. 33–44.
- Björn Bjarnason frá Viðfirði. 1918. Nýyrði. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*. Bls. 54.
- Björn Halldórsson. 1992 (1814): *Orðabók. Íslensk – latnesk – dönsk*. Eftir handriti í Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Fyrst gefin út árið 1814 af Rasmusi Kristjáni Rask. Ný útgáfa. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Orðfræðirit fyrri alda II. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Cleasby-Vigfússon. 1957 (1874): *An Icelandic-English Dictionary*. Initiated by Richard Cleasby, subsequently revised, enlarged and completed by Gudbrand Vigfusson,

- M.A. Second edition with a supplement by Sir William A. Craigie, containing many additional words and references. At the Clarendon Press, Oxford.
- Eiríkur Jónsson [Erik Jonsson]. 1863: *Oldnordisk Ordbog*. Det kongelige nordiske Oldskrift-Selskab. Kaupmannahöfn.
- Eysteinn Sigurðsson. 1987. *Bólu-Hjálmar*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Fritzner, Johan. 1954 (1883–1896). *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. 1–3. Ósló. [Óbreytt endurprentun 2. útgáfu]
- Fritzner, Johan. 1972. *Ordbog over Det gamle norske Sprog. Rettelser og tillegg ved Finn Hødnebo*. 4. Universitetsforlaget, Ósló.
- Heggstad, Leiv. 1930. *Gamalnorsk ordbok med nynorsk tyding*. Ny umvølt og auka útgáve av „Gamalnorsk ordbok“ ved Hægstad og Torp. Det norske samlaget, Ósló.
- Hjálmar Jónsson frá Bólu. 1949–1960. Ritsafn I–VI. Finnur Sigmundsson tók saman og bjó til prentunar. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1982. Bölvuð talvan. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 4:293–294.
- Iversen, Ragnvald. 1961. *Norrøn grammatik*. 6. útg. H. Aschehoug & Co., Ósló.
- Jón Aðalsteinn Jónsson. Sjá Björn Halldórsson.
- Jón Thoroddsen. Sjá Steingrímur J. Þorsteinsson.
- Jón Þorkelsson. 1894–97. *Supplement til islandske Ordbøger*. Tredje Samling. Anden Del. misbrestasamur – özla. Reykjavík.
- Jónas Jónsson frá Hriflu. 1951. Hver orti Alþingisrímurnar? *Alþingisrímur 1899–1901*. Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfuna. Íslenzk úrvalsrit. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. Bls. VII–XLV.
- Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling*. Udgivet af kommissionen for det Arnamagnæanske legat. I–II. Gyldendalske boghandel. Kaupmannahöfn 1889–1894.
- Kjartan G. Ottósson. 1983. *Talva, valva og wōn-stofnar*. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 5:178–183.
- Landfræðissaga Íslands*. Sjá Þorvaldur Thoroddsen.
- Laxdæla saga*. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslenzk fornrit. 5. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík 1934.
- Lbs. 656, 4to*. [Handrit í Landsbókasafni]
- Noreen, Adolf. 1970 (1923). *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. 5. útg. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- OM: Árni Böðvarsson (ritstj.). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 2. útg. aukin og bætt. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1983. [1. útg. 1963]
- Orðabók Árnanevndar í Kaupmannahöfn: *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Óprentuð orðasöfn.
- Orðabók Blöndals: Sigfús Blöndal. 1920–24. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Orðabók Háskólans: Óprentuð orðasöfn.
- Orðabók Menningarsjóðs. Sjá OM.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*. I–V. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.

*Ritsafn* II. Sjá Hjálmar Jónsson frá Bólu.

Steingrímur J. Þorsteinsson. 1943. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*. I–II. Helgafell, Reykjavík.

– (útg.). 1968: *Jón Thoroddsen. Maður og kona. Skáldsaga*. Sjötta prentun. Helgafell, Reykjavík.

Torp, Alf. 1974 (1909). Gamalnorsk ordavleiding. Nyutgåva með rättelser och register ombesörjd av Gösta Holm. Scripta Minora. Regiae societatis humaniorum litterarum Lundensis. Studier utg. av Kungl. Humanistiska Vetenskapssamfundet i Lund 1973–1974:2. CWK Gleerup, Lund.

Þorvaldur Thoroddsen. 1892–1904. *Landfræðissaga Íslands. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar*. I–IV. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.